



Til:
Efni:
Upplýsingar:

Óskar Örn Gunnarsson <oskar@landmotun.is>
Re: FW: Ósk um umsögn breyting á aðalskipulagi og deiliskipulagi Norður Botn
Sent: 10-12-2019 12:21:12 af Trausti Baldursson, Málsnúmer: 2019110022, Bréfalyklar: 42-0
almennt

Tilvísun í mál: 2019110022

Vísað er til meðfylgjandi frá Tálknafjarðarhreppi, dags. 25. nóvember sl., þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um skipulags- og matslýsingu á breytingu á Aðalskipulagi Tálknafjarðarhrepps 2006-2018 og breytingu á deiliskipulagi.

Almennt

Forsendur breytinga á skipulaginu eru að verið er að stækka seiðeldi í Norður-Botni úr 400 t í 2000 t á ári en í því sambandi þarf að stækka byggingarreit um 4,5 ha. Í allt er gert ráð fyrir um 10 húsum en lokið er við byggingu þriggja þeirra. Vinna þarf umhverfismat vegna skipulagsbreytingar en Skipulagsstofnun hefur úrskurðað að framkvæmdir vegna uppbyggingu svæðisins séu ekki háðar mati á umhverfisáhrifum.

Í skipulags- og matslýsingunni er farið yfir tengsl við skipulagsáætlanir sem fyrir eru á svæðinu þar undir m.a. efnistökusvæði. Einnig er komið inn á Sóknaráætlun Vestfjarða 2015-2019.

Í kafla 3 er greint frá því að skipulagssvæðið muni stækka til sjávar m.a. vegna útbóta á fráveitu. Gerð er grein fyrir núverandi mannvirkjum og jörðum á svæðinu, núverandi nýtingu þ.m.t. borholum og öðrum aðstæðum s.s. menningarminjum.

Í kafla 3.4 er fjallað um náttúruvar og náttúruvæðing. Náttúruvarskafllinn er afar knappur og í raun lítið efnislegt sem þar kemur fram og hvergi er vitnað í neinar rannsóknir/athuganir á leiru og eða fuglum né vikið að því að ætlunin sé að kanna það frekar en þó lítillaga komið inn á efnið aftur í töflu 5.1, sjá síðar. Í kafla 3.5 um náttúruvá. Í kafla 4 er farið yfir helstu skipulagsforsendur og breytingar á aðalskipulagi.

Kafla 5. umhverfismatið.

- Samkvæmt upplýsingum sem Náttúrufræðistofnun hefur dregist að samþykkja þessa skipulags- og matslýsingu þannig að tímaáætlun skipulagsins hefur raskast. Einnig virðist sem að Umhverfisstofnun hafi þegar gefið út starfsleyfi fyrir stækkun fiskeldisins þó að ekki sé búið að staðfesta skipulagið né vinna umhverfismatið sbr. kafla 5. Þetta hlýtur að hafa áhrif á stöðu starfsleyfisins?
- Í töflu 5.1 er farið yfir umhverfisþætti, vísa og viðmið. Undir gróður og dýralíf er vísað í lög um náttúruvernd nr. 44/1999 en á að vera lög um náttúruvernd nr. 60/2013. Ekki eru tilgreind sérstök viðmið sem eiga við um Norður - Botn eins og t.d. 61. gr. laga um náttúruvernd um sérstaka vernd tiltekinna vistkerfa og jarðminja sem leirur falla undir. Talsverðar leirur eru í fjarðarbotningum en þar er að finna sandmaðksleiru og gulstarafitjar en þetta eru votlendi/vistgerðir sem falla undir 61. gr. náttúruverndarlaga og því ber að forðast að raska þeim **nema brýna nauðsyn beri til, sjá t.d. frárennsli.**
- Í kafla 3.4 er tekið fram að leirur sé að finna í botni fjarðarins og að þær hafi ekki orðið fyrir raski og ekki er minnst á að sjávarfitjar séu á svæðinu. Það virðist ekki rétt með farið að leirur séu ekki raskaðar vegna framkvæmda á svæðinu.
- Ný mörk sem sýnd eru á deiliskipulaginu á mynd 1 sýna að stækka á skipulagssvæðið út yfir nánast allt leirusvæðið undir iðnaðarsvæði 1-3 m.a. vegna úrbóta á fráveitu. Þarna er um að ræða töluvert miklar breytingar þar sem vernduð vistgerð lendir inn á skipulögðu iðnaðarsvæði. Umhverfisstofnun hefur gert athugasemd við lengd frárennislagnar. Óviðunandi frágangur á frárennsli getur haft mikil áhrif á lífríki setfjara, þar getur lífrænt efni safnast upp og haft áhrif á tegundasamsetningu botndýra. Mikilvægt er að frágangur frárennslis standist kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi til þess að lágmarka áhrif á nálæg vistkerfi. Spurning er hvort brýn nauðsyn sé að setja leirurnar undir iðnaðarsvæði eða er hægt að leysa málin öðruvísi?

- Efnistökusvæðið E-2 stendur neðan Bíldudalsvegur í árfarvegi Botnár, gæta þarf að efnistaka raski ekki leirum eða sjávarfitjum á svæðinu.
- Viðmið fyrir vatn vísar til vatnalaga nr. 20/2006 í stað laga nr. 36/2011 um stjórn vatnamála og þær reglugerðir sem undir þau falla.

Aðrar ábendingar og gögn

Fyrir utan það sem kemur fram hér að ofan vill Náttúrufræðistofnun almennt benda á eftirfarandi sem gæti komið að notum við frekari vinnslu á málinu:

Í lögum um náttúruvernd nr. 60/2013 er að finna ýmis ákvæði sem eru leiðbeinandi um hvernig ber að nálgast vernd náttúruminja (s.s. lífríkis, jarðminja og landslags). Náttúrufræðistofnun leggur áherslu á að í allri matsvinnu/skipulagsvinnu sé skoðað hvernig hún samræmist almennum markmiðum laganna sem koma fram í 1., 2. og 3. gr. þeirra, 1. gr. (*Markmið laganna*), 2. gr. (*Verndarmarkmið fyrir vistgerðir, vistkerfi og tegundi*) og 3. gr. (*Verndarmarkmið fyrir jarðminjar, vatnasvæði, landslag og víðerni*). Einnig þarf að skoða einstakar greinar sem geta átt við. Hér má t.d. nefna greinar 6. til 12. um meginreglur hvað varðar náttúru- og umhverfisvernd, 14. gr. um hlutverk náttúruverndarnefnda, kafla IV um almannarétt, útivist og umgengni, kafla IX um friðun vistkerfa, vistgerða og tegunda, 61. gr. um sérstaka vernd vistkerfa, jarðminja o.fl., 63. grein um framandi lífverur og svo auðvitað kafla XII um skipulagsgerð, framkvæmdir og fleira, greinar 68. til 73., þar sem komið er inn á gerð skipulagsáætlana, hönnun mannvirkja og ræktun.

Við gerð skipulagsáætlana er mikilvægt að skoða áhrif þeirra m.t.t. allra framangreindra lagagreina sem ýmist geta átt við eða ekki.

Vegna frekari vinnslu á endurskoðun aðalskipulagsins vill Náttúrufræðistofnun einnig benda á eftirfarandi gögn sem geta komið að notum: Fjölrit nr. 54, Vistgerðir á Íslandi, http://utgafa.ni.is/fjolrit/Fjolrit_54.pdf og <http://ni.is/grodur/vistgerdir> sjá jafnframt kortasjá <http://ni.is/midlun/utgafa/kort/vistgerdakort>, og Fjölrit nr. 55, Mikilvæg fuglasvæði, <http://ni.is/dyr/fuglar/mikilvaeg-fuglasvaedi> og http://utgafa.ni.is/fjolrit/Fjolrit_55.pdf. Jafnframt er bent á að stofnunin hefur nýlega lagt til við umhverfis- og auðlindaráðuneytið, að vernda skuli ákveðin svæði á landinu og að þau verði sett á framkvæmdaáætlun eða B-hluta náttúruminjaskrár í samræmi við lög nr. 60/2013. Öll svæðin má sjá hér: <http://ni.is/midlun/natturuminjaskra> en einnig má skoða tillögurnar í kortasjá, <https://natturuminjaskra.ni.is/>. Á það skal bent að tillögur Náttúrufræðistofnunar til ráðherra eiga eftir að fara í formlegt ferli í samræmi við 36. grein fyrrgreindra laga. Á þessari stundu segja tillögurnar því ekkert um hvort ákveðið skipulag/starfsemi falli að verndartillögu eða ekki eða hvort tillaga nái fram að ganga. Nái tillögurnar fram að ganga á einnig eftir að fjalla um skilamála sem varða verndina. Það skal því ítrekað að hér er um faglegt álit Náttúrufræðistofnunar að ræða sem eftir á vinna úr í samræmi við lög um náttúruvernd. <http://ni.is/midlun/natturuminjaskra>

Einnig má finna upplýsingar um 61. gr. laga um náttúruvernd hér:

<https://ni.is/midlun/utgafa/kort/serstok-vernd>

Ennfremur má finna upplýsingar um seli við stendur Íslands hér: Fjölrit um seli hér:

http://utgafa.ni.is/fjolrit/Fjolrit_56.pdf, og kortasjá <https://www.ni.is/node/27206> og válista fyrir spendýr má finna hér: <https://ni.is/node/27354>. Yfirlit yfir válista almennt má finna hér:

<https://ni.is/midlun/utgafa/valistar>.

Náttúrufræðistofnun leggur áherslu á að allar ákvarðanir í mats- eða skipulagsvinnu byggji á sem bestum þekkingargrunni hvað varðar náttúrufar og að alltaf sé leitað leiða til að koma í veg fyrir neikvæð áhrif á náttúruna.

Virðingarfyllst,

Trausti Baldursson
Náttúrufræðistofnun Íslands
Icelandic Institute of Natural History
Urriðaholtsstræti 6-8
210 Garðabær
Sími/Tele: 590 0500
Email: trausti@ni.is



Frá: Óskar Örn Gunnarsson <oskar@landmotun.is>
Dags: 25-11-2019 13:55:02
Til: ""ni@ni.is"" <ni@ni.is>
cc: Jóhann Birkir Helgason <jbh@verkis.is>
Efni: FW: Ósk um umsögn breyting á aðalskipulagi og deilikipulagi Norður Botn

Góðan daginn

Óskað er umsagnar um meðfylgjandi lýsingu. Sjá neðangreint og í viðhengi.

Með kveðju

Óskar Örn Gunnarsson

Skipulagsfulltrúi Tálknafjarðarhrepps

From: Óskar Örn Gunnarsson
Sent: mánudagur, 18. nóvember 2019 08:54
To: 'ust@ust.is' <ust@ust.is>; 'eftirlit@hevf.is' <eftirlit@hevf.is>; mast@mast.is; 'fiskistofa@fiskistofa.is' <fiskistofa@fiskistofa.is>; skrifstofa@vedur.is; 'samgongustofa@samgongustofa.is' <samgongustofa@samgongustofa.is>; 'vegagerdin@vegagerdin.is' <vegagerdin@vegagerdin.is>; 'postur@minjastofnun.is' <postur@minjastofnun.is>; 'orkubu@ov.is' <orkubu@ov.is>; 'skipulag@skipulag.is' <skipulag@skipulag.is>
Cc: 'Erla Bryndís Kristjánsdóttir (ebk@verkis.is)' <ebk@verkis.is>; Sveitarstjóri Tálknafjarðarhrepps <sveitarstjori@talknafjordur.is>
Subject: Ósk um umsögn breyting á aðalskipulagi og deilikipulagi Norður Botn

Góðan daginn

Óskað er umsagnar um meðfylgjandi skipulags- og matslýsingu vegna breytingar á aðalskipulagi og deiliskipulagi fyrir Norður-Botn í Tálknafirði. Skipulagsgögnin eru einnig aðgengileg á heimasíðu Tálknafjarðarhrepps og verða einnig kynnt á fésbókarsíðu sveitarfélagsins. Gefinn er frestur 9. desember.

M.kv.

Óskar Örn Gunnarsson

Skipulagsfulltrúi Tálknafjarðarhrepps  - 16176002-ADSKML - Norður-Botn (ID 105613)[13823].pdf